

Starfsskýrsla Orlofsnefndar húsmæðra í Kópavogi fyrir starfsárið 2021 flutt á aðalfundi Kvenfélagssambands Kópavogs 2022

Nefndarmenn eru: Guðrún S. Viggósdóttir Freyju formaður, Guðrún Helgadóttir Freyju ritari, Ásta Hjálmtýsdóttir Félagi kvenna gjaldkeri og Sigríður Helgadóttir Félagi kvenna meðstjórnandi.

Starf orlofsnefndar einkenndist mikið af Covid19 voru því færri stjórnarfundir en oft áður en netpóstar mikið notaðir. Nefndin ákvað að bjóða aðeins upp á ferðir innanlands 2021 og skipulagði sex ferðir. Þátttaka var mjög góð í fjórar ferðir en tvær voru felldar niður.

Við byrjuðum á tveggja daga ferð á Snæfellsnes 05.-06. Júní. 32 konur óku vestur um land á Snæfellsnes fyrir Jökul. Á leiðinni var hádegisverður á Langaholti. Stoppað var á Arnarstapa og Djúpalónssandi. Komum til Stykkishólms í lok dags, kvöldverður og gisting voru þar. Að loknum morgunverði næsta dag var farið í eyjasiglingu á Breiðafirði í dásemdar veðri. Þar var veiddur skelfiskur sem okkur bauðst að smakka.

Hádegisverður var um borð meðan á siglingu stóð. Að sjóferð lokinni haldið heim um Vatnaleiðina.

40 konur fóru í dagsferð til Flúða og í Skálholt 28. júní. Ekið var austur fyrir Fjall og að Hruna. Þar var skoðuð kirkjan, þaðan haldið til Flúða. Þar fengum við mjög fræðandi kynningu á starfsemi Flúðasveppa. Síðan gæddum við okkur þar á sælkerahlaðborði en sveppir voru aðalhraefnið. Eftir hádegisverð var haldið til Skálholts, skoðuðum kirkjuna og fornleifauppgröftinn, sem þar er verið að vinna við. Síðan haldið heim um Grímsnes og Nesjavallaleið.

Það voru 56 konur í dagsferð á slóðir Skáld-Rósu eða Vatnsenda-Rósu í Húnaþingi 12. Júlí. Keyrðum við fyrst að Laugarbakka í Miðfirði í hádegisverð. Þaðan áfram til Hvammstanga og verzlunarminjasafnið Bardúsa heimsótt þar. Frá Hvammstanga ókum við fyrir Vatnsnesið, á þeirri leið bar fyrir augu ýmsir staðir sem Rósa bjó á. Litum eftir selum og stönsuðum við Hvítserk. Síðan skoðuðum við Borgarvirki og aftur heim.

47 konur fóru í sex daga hringferð um Austurland, Norðurland og Kjalveg 02.-07. Júlí. Ekið var suður um land til Kirkjubæjarklausturs með viðkomu á byggðasafninu á Skógum. Stoppað við Reynisfjöru og snæddur hádegisverður í Mýrdal. Síðan áfram austur Mýrdalssand með viðkomu í Fjaðrárgljúfri. Á Kirkjubæjarklaustri var kvöldverður og gisting á Hótel Klaustri. Næsta dag var stansað við Dverghamra og við Jökulsárlón. Síðan til Hafnar í Hornafirði og stoppað í hádegisverð þar. Frá Höfn er svo haldið um Firðina til Egilsstaða, gist þar í tvær nætur á Hótel Eddu. Fyrir hádegi næsta dag var haldið til Borgarfjarðar en svo til baka og um Hallormsstað upp að Kárahnjúkum. Stansað á Skriðuklaustri á bakaleið og hús rithöfundarins Gunnars Gunnarssonar skoðað.

Næsta dag var haldið norður í land til Mývatns eftir viðkomu í Námaskarði. Á Mývatni skoðuðum við m.a. Dimmuborgir og borðuðum hádegisverð á Skútustöðum. Næst

haldið til Akureyrar, stoppað við Goðafoss á leiðinni. Á Akureyri gistum við tvær nætur á Hótel Eddu.

Næsti dagur frjáls tími á Akureyri til klukkan 15:00, þá var farið í skoðunarferð fram í Eyjafjörð þar skoðuðum við Grund, kirkjuna þar og stoppuðum í Jólahúsinu. Síðasta kvöldið var hátíðarkvöldverður með fordrykk á Hótel Icelandair. Lokadaginn var farið frá Akureyri að morgni keyrt suður Kjöl. Fengum hádegisverð á Hveravöllum og skoðuðum okkur um þar. Komið heim um kvöldið.

Voru því 175 konur covid árið 2021 sem komust í orlofsferðir nefndarinnar en nokkrar Kópavogskonur fengu styrk í ferðir með öðrum orlofsnefndum.

Nefndin vonast til nú verði enn betra ferðaár og eru nú skipulagðar 4 ferðir innanlands og 2 erlendis svo bókanir eru langt komnar.

Allar ferðir voru settar inn á heimasíðuna og konur geta skráð sig þar. Veffang síðunnar er www.orlofkop.is og netfangið orlofkop@orlofkop.is

Kópavogi, 19. maí 2022

Guðrún S. Viggósdóttir formaður